

## ÁLITSGERÐ

nefndar samkvæmt 27. gr. laga 70/1996  
um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins  
í málinu nr. 1/2012

### Mál X

#### 1. Aðilar málsins

Aðilar málsins eru ríkislögreglustjóri og X kt.[...]. Thelma Clausen Þórðardóttir lögfræðingur rak málið f.h. ríkislögreglustjóra en Páll Arnór Pálsson hrl. rak málið f.h. X.

#### 2. Málavextir

##### 2.1. Málsmeðferð fyrir nefndinni

Við meðferð málsins skipuðu nefndina Kristín Benediktsdóttir lögfræðingur, formaður, Helgi Valberg Jensson lögfræðingur, tilnefndur af innanríkisráðuneytinu, og Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur, tilnefnd af heildarsamtökum ríkisstarfsmanna.

Málið barst nefndinni 12. september 2012, með bréfi ríkislögreglustjóra, dags. 10. september 2012. Þar var tilkynnt að ríkislögreglustjóri hefði veitt X lausn um stundarsakir frá embætti sem lögreglumaður við embætti lögreglustjórans á Akureyri, með vísan til þess að ríkissaksóknari hefði gefið út ákæru 31. ágúst 2012 vegna gruns um refsiverð brot sem kynni að hafa í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga vegna meintra brota á 131. gr., 132. gr. og 1. mgr. 217. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Afrit af bréfi ríkislögreglustjóra til X, dags. 10. september 2012 þar sem honum var tilkynnt um að ákveðið hefði verið að veita honum lausn frá embætti um stundarsakir með vísan til 2. másl. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, fylgdi bréfi ríkislögreglustjóra til nefndarinnar. Engin frekari gögn fylgdu bréfinu en í því áskildi ríkislögreglustjóri sér rétt til að koma að frekari gögnum og greinargerð vegna málsins síðar.

Þann 13. september 2012 sendi formaður nefndarinnar bréf til fjármála- og efnahagsráðherra og óskaði þess að skipaðir yrðu tveir meðnefndarmenn til þess að fjalla um málið sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (hér eftir nefnd starfsmannalög). Með bréfi dags. 19. október 2012 tilkynnti fjármála- og efnahagsráðuneytið um skipun nefndarinnar og hóf nefndin störf 26. október 2012. Með bréfi formanns, dags. 13. september 2012, var X tilkynnt að málið hefði verið sent nefndinni til meðferðar.

Eftir að málið barst nefndinni til meðferðar ákvað hún að afla frekari gagna. Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. starfsreglna nefndarinnar frá 29. júlí 1997 skal nefndin ljúka máli og semja álit, þótt opinber rannsókn hafi farið fram í máli og ákærvald hafi gefið út ákæru. Jafnframt kemur fram í 14. og 15. gr. reglnanna að nefndin skuli við rannsókn málsins afla allra gagna sem kunna að vera til upplýsingar um málsatvik eða réttarstöðu starfsmannsins að öðru leyti, þ.m.t. skýrslur sem gefnar hafa verið við opinbera rannsókn. Með vísan til þessa ritaði formaður nefndarinnar embætti ríkissaksóknara bréf þann 29. október 2012 og óskaði eftir því að nefndinni yrði afhent afrit ákæru í máli X. Afrit ákæru í máli ákærvaldsins gegn X, útgefinni 31. ágúst 2012, barst nefndinni með bréfi embættis ríkissaksóknara til nefndarinnar, dags. 7. nóvember 2012.

Önnur gögn tengd rannsókn eða meðferð málsins hjá lögreglu eða í refsímalínu, fyrir utan greinargerð verjanda X sem lögð var fyrir héraðsdóm Norðurlands eystra, hafa ekki verið lögð fram fyrir nefndinni.

Þess ber að geta að fallist var á beiðni X um frest til að leggja fram greinargerð fram yfir aðalmeðferð á máli ákærvaldsins gegn honum sem fór fram 11. desember 2012. Jafnframt var fallist að beiðni X um frest til að reifa málið munnlega fram yfir framhalds aðalmeðferð sem fór fram 9. janúar 2013.

## 2.2. Málsatvik

X hefur starfað sem lögreglumaður í 24 ár en hann mun hafa hafið störf á árinu 1985.

Með bréfi, dags. 10. september 2012, tilkynnti ríkislögreglustjóri X að hann hefði ákveðið að veita honum lausn um stundarsakir frá embætti hans sem lögreglumaður við embætti lögreglustjórans á Akureyri með vísan til 2. málsl. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í bréfinu kom fram að ástæða lausnarinnar væri sú að ríkissaksóknari hefði gefið út ákæru í máli á hendur X fyrir brot í opinberu starfi og líkamsárás en sakarefnið væri talið varða við 131. gr., 132. gr. og 1. mgr. 217. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og að grunur væri um að háttsemin sem honum væri gefin að sök í ákæru kynni að hafa í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

X var ákærður fyrir eftirfarandi háttsemi:

Með því að hafa að kvöldi aðfaranætur fimmtudagsins 28. júlí 2011 handtekið A án nægilegra ástæðna eða tilefnis og við þá handtöku farið offari og eigi gætt lögmatra aðferða er hann setti A harkalega inn í aftursæti lögreglubifreiðar, skelli höfði hans utan í rúðu bifreiðarinnar, veitti honum högg með olnboga í hægri kinn og hélt honum í bifreiðinni, með höfuðið utan í rúðunni, með því að halda annarri hendi hans fyrir aftan bak og leggja þunga sinn ofan á hann meðan ekið var frá vettvangi á lögreglustöð og ítrekað potað í bringu hans eftir komu á lögreglustöð, allt með þeim afleiðingum að A

hlaut opið sár á vanga og kjálkaliðasvæði, marga yfirborðsáverka á höfði og mar á öxl og upphandlegg.

Voru ætluð brot talin varða við 131. gr., 132. gr. og 1. mgr. 217. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þess krafist að ákærði yrði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

### 3. Sjónarmið málsaðila.

Hér verður nánar lýst kröfum og röksemdum aðila sem fram komu í greinargerðum þeirra til nefndarinnar og við munnlega reifun málsins fyrir nefndinni 18. janúar 2013.

#### 3.1. Sjónarmið ríkislögrelustjóra.

Af hálfu ríkislögrelustjóra er krafist að nefndin rannsaki mál X og láti í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hafi verið af ríkislögrelustjóra að víkja honum frá embætti um stundarsakir. Einnig er krafist staðfestingar nefndarinnar á því að skilyrði fyrir veitingu lausnar um stundarsakir hafi verið uppfyllt þegar ákvörðunin var tekin og að sakir þær sem bornar voru á hendur X hafi verið fullnægjandi grundvöllur ákvörðunar ríkislögrelustjóra og að rétt hafi verið staðið að framkvæmd hennar.

Í greinargerð ríkislögrelustjóra er áréttað að ákvörðun um tímabundna lausn X byggi á 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga, þar sem fram komi að veita megi embættismanni lausn um stundarsakir ef hann er grunaður um háttsemi sem hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga. Úrræði 2. másl. 3. mgr. 26. gr. sé hliðsett því úrræði að krefjast í ákæru réttindasviptingar á grundvelli 68. gr. almennra hegningarlaga og 2. mgr. 1. gr., sbr. e. lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Með því að beita úrræði 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga opnast sú leið að fyrirbyggja að opinber starfsmaður sem sætir ákæru geti gegnt starfi sínu á meðan, enda kunni slíkt að þykja óviðunandi. Markmið með beitingu framangreinds ákvæðis sé jafnframt að viðhalda trúverðugleika og trausti innan og utan þeirrar stofnunar sem hlutaðeigandi embættismaður starfar hjá. Mál viðkomandi starfsmanns fái meðferð fyrir nefndinni sem skuli fara með málið til enda, óháð því að opinber rannsókn sé gerð samhliða, sbr. orðalag 1. mgr. 27. gr. starfsmannalaga þar sem segir að hægt sé að vísa máli til opinberrar rannsóknar samhliða meðferð nefndarinnar. Þá er vísað til þess að starfsreglur nefndarinnar geri ráð fyrir því sama, sbr. 19. gr. þeirra, þar sem segir að nefndin skuli halda áfram meðferð máls og ljúka því með álitsgerð þótt gefin hafi verið út ákæra þar sem krafist hafi verið sviptingar á rétti til að gegna embætti.

Þegar ríkislögreglustjóri tók ákvörðun sína lá fyrir ákæra, dags. 31. ágúst 2012. Það sé mat ríkislögreglustjóra að þessi gögn málsins hafi fullnægt fyrra skilyrði 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga um grun um refsiverða háttsemi X.

Hvað varðar seinna skilyrði 2. másl. 3. mgr. 26. gr. bendir ríkislögreglustjóri á að erfitt sé að draga almennar ályktanir af ákvæðinu um hversu alvarleg brot á refsilögum þurfi að vera til að skilyrðum 68. gr. almennra hegningarlaga sé fullnægt. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-190/2007 var ákærði sviptur embætti sínu með dómi samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Ekki sé að sjá í dómasafni Hæstaréttar Íslands að komið hafi til þess að embættis maður hafi verið sviptur embætti sínu með dómi samkvæmt þessu ákvæði. Í álitum nefndar samkvæmt 27. gr. starfsmannalaga hafi ítrekað komið fram að ekki sé gerð sú krafa að embættissmissis sé krafist í ákæru fyrir dómi. Er í því sambandi vísað til álita nefndarinnar í málum 1/2002, 2/2002, 3/2002, 3/2003, 4/2003 og 1/2007. Við mat á því hvaða hegðun falli undir 68. gr. almennra hegningarlaga verði m.a. að hafa til hliðsjónar ákvæði IV. kafla starfsmannalaga um skyldur ríkisstarfsmanna sem og III. kafla lögregluglulaga nr. 90/1996 um skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa. Þá beri einnig að taka mið af kröfum 38. gr. lögregluglulaga um inntöku nýnema í Lögregluskóla ríkisins, en skv. a-lið greinarinnar gildi það almenna hæfisskilyrði að lögreglumannsefni hafi ekki gerst brotleg við refsilög.

Ríkislögreglustjóri byggir ákvörðun sína í málinu á því að fyrir liggi sterkur grunur um ætlaða refsiverða háttsemi sem kunni að hafa í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga. X sé sakaður um alvarleg brot, brot í opinberu starfi og líkamsárás. Sakarefnið sé talið varða við 131. gr., 132. gr. og 1. mgr. 217. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Auk þessa verði að telja að slík háttsemi sé mjög alvarleg þegar litið er til stöðu hans og hlutverks sem lögreglumanns.

Reynist sakargiftir réttar telur ríkislögreglustjóri brotin það alvarleg að X teljist eigi hæfur eða verður að rækja starfa sinn sem lögreglumaður og þar með sé fullnægt seinna skilyrði 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Slík háttsemi feli í sér að X fullnægi ekki lengur almennu hæfisskilyrði sem krafist er til starfa í lögreglu og með þeirri háttsemi hafi hann svipt sjálfan sig því trausti og virðingu sem sé nauðsynleg í starfi hans sem lögreglumaður.

Því er mótmælt að ákvörðun ríkislögreglustjóra hafi farið gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnvísulaga nr. 37/1993. Bent var á að í álitum nefndarinnar komi skýrt fram að í 3. mgr. 26. gr. laganna sé að finna skýra lagaheimild til þessa að veita embættismanni lausn um stundarsakir við tilgreindar aðstæður. Um sé að ræða lögmæt bráðabirgðaúrreiði til þess að bregðast á skjótan hátt við sérstökum aðstæðum, eins og þessum en ekki sé forsvaranlegt að embættismaður, sem grunaður er um að hafa framið refsivert brot, gegni embætti á meðan slíkur grunur sé til staðar. Þar þarf að líta jafnt til alvarleika og eðli brotsins sem og hvaða starfsstétt embættismanna eigi í hlut. Hafi nefndin m.a. bent á að ákvæðið eigi við starfsstéttir eins og lögreglumenn sem hafa það

hlutverk að halda uppi lögum í þjóðfélaginu og þurfa því að njóta trausts almennings, sbr. álit nefndarinnar í málum nr. 6/2002, 3/2003 og 1/2008. Hafi því ekki verið unnt að beita vægari úrræði, s.s. eins og að færa viðkomandi til í starfi.

Þá bendir ríkislögreglustjóri á að ákvörðunin hafi verið tekin þegar ákvörðun ríkissaksóknara lá fyrir, sbr. 145. gr. laga um meðferð sakamála. Ríkislögreglustjóri hafi ekki verið í aðstöðu til þess að endurskoða það mat ríkissaksóknara og komast að annarri niðurstöðu um líkur á því að sakfelling næði fram að ganga. Varðandi tímasetningu ákvörðunarinnar hafi hagsmuna X verið gætt og hann látinn njóta vafans sérstaklega í ljósi þess að hann nýtur eingöngu helmings af föstum launum sem embættinu fylgja eftir að ákvörðun hefur verið tekin. Þá bendir ríkislögreglustjóri á að það sé lögreglustjóra að ákveða hvort lögreglumaður sinni vinnu eða ekki, ekki ríkislögreglustjóra. Því er enn fremur hafnað að með ákvörðun ríkislögreglustjóra sé refsing þegar hafin enda um að ræða eins og áður hefur komið fram lögmælt bráðabirgðaúrræði til að bregðast á skjótan hátt við sérstökum aðstæðum en lagaheimildin sé alveg skýr við aðstæður sem þessar.

Að lokum er því hafnað að málsmeðferðin hafi ekki samræmst 9. gr. stjórnarsýslulaga þar sem engar tafir af verið af hálfu ríkislögreglustjóra. Þau atriði sem X vísi til séu atriði sem lúti að málsmeðferð ákærvaldsins.

### 3.2. Sjónarmið X

Af hálfu X er þess krafist að nefndin komist að þeirri niðurstöðu að ríkislögreglustjóra hafi ekki verið rétt að veita honum lausn frá störfum lögreglumanns á Akureyri um stundarsakir.

Í greinargerð og munnlegri reifun lögmanns X kemur fram að ríkissaksóknari hafi gefið út ákæru á hendur X 31. ágúst 2012 fyrir brot í opinberu starfi og líkamsárás. X hafi neitað sök bæði við rannsókn sakamálsins hjá lögreglu og fyrir dómi en aðalmeðferð málsins hafi farið fram 11. desember sl. í Héraðsdómi Norðurlands eystra og framhalds aðalmeðferð 9. janúar sl. X byggi á því að hann hefði verið hafður fyrir rangri sök í því máli sem sé ástæða þess að honum var vikið úr starfi um stundarsakir.

Á það er bent að nefndinni beri að kanna hvort skilyrði 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga um að embættismaður sé grunaður um tiltekna háttsemi sé uppfyllt, en í því felist að henni beri að leggja sjálfstætt mat á það hvort grunur teljist nægilega sterkur til að hann geti leitt til sakfellingar, sbr. álit nefndarinnar í máli nr. 1/2007. Það skilyrði sé ekki uppfyllt í þessu máli. Ekki sé nægjanlegt að fram sé komin ákæra. Þá hafi X ekki framið brot sem hefur í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga. Ákvörðun um handtöku hafi X tekið vegna framkomu A og ölvunarástands.

Í því máli sem X sé ákærður séu miklar líkur á sýknu enda sé ákæran röng. Í ákæru sé gengið út frá því að líkamsmeiðingarnar hafi verið ásetningsbrot. Af framburði vitna fyrir dómi sé hins vegar ljóst að um hafi verið að ræða óviljandi olnbogaskot. Þá komi fram í læknisvottorði að ætlaður brotaþoli hafi rekist í eitthvað. Þannig séu miklar líkur á sýknu af líkamsárásarþætti ákærunnar sem sé meginþáttur ákærunnar. Þá verður ráðið af framburði hins lögreglumannsins á vettvangi að ekki hafi verið um að ræða ólögsmæta handtöku. Auk þess hafi varðstjórinn ekki vefengt að ástæða hafi verið til handtöku. Eru því mestar líkur á sýknu af öllum ákæruatriðum í ákæru. Ef af sakfellingu yrði væri um að ræða smávægilegt brot en ólögsmæt handtaka ein og sér getur ekki valdið starfsmissi. Í því sambandi er vísað til þess að yfirmenn X hafi ekki litið svo á að málið hafi verið alvarlegt og að ákæran hafi komið þeim á óvart.

Þá er því haldið fram að ákvörðun ríkislögreglustjóra hafi gengið of langt og því farið gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnarsýslulaga. Þannig hafi ríkislögreglustjóra borið að færa X til í starfi meðan málið var til meðferðar fyrir dómstólum í stað þess að veita honum lausn um stundarsakir. Er í því sambandi bent á að lögregluþyrirvöld hafi treyst honum til að starfa sem lögreglumaður í 13 mánuði eftir að atvikið sem leiddi til útgáfu ákæru átti sér stað og því vandfundin sú nauðsyn að víkja honum úr starfi eftir allan þennan tíma. Enn fremur er því haldið fram að ríkislögreglustjóri hafi hvorki gætt málshraðareglu 9. gr. stjórnarsýslulaga, þar sem lögreglu bar að bregðast skjótt við sérstaklega í ljósi þess að um bráðabirgðaaðgerð sé að ræða, né rannsóknarreglu 10. gr. sömu laga, þar sem málið hafi ekki verið rannsakað nægjanlega. Hefði til að mynda getað skipt miklu máli að öll gögn hefðu legið fyrir, þ.m.t. skýrslur af vitnum, áður en skýrsla var tekin af X. Þá hafi upphafsskýrsla hans ekki verið höfð með í gögnum málsins fyrir ríkissaksóknara þegar ákvörðun var tekin um útgáfu ákæru.

Að lokum er bent á það að ákvörðun um að vera veitt lausn frá störfum um stundarsakir og njóta aðeins hálfra mánaðarlauna sé sambærileg við það að refsing sé þegar hafin og því sitji hann í raun ekki við sama borð og aðrir þjóðfélagsþegnar að njóta þess réttar að vera saklaus þar til sök hans er sönnuð og dómur fellur. Þá hafi X ekkert sýnt í starfi sem bendir til þess að hann sé ekki verður eða hæfur til að gegna því hvorki fyrir né eftir ákæru. Um sé að ræða eitt afmarkað tilvik sem ekki sé stórvægilegt og því ekki nægjanlega alvarlegt til að uppfylla skilyrði 68. gr. almennra hegningarlaga.

#### **4. Niðurstaða nefndarinnar og rökstuðningur fyrir henni.**

Í máli þessu krefst ríkislögreglustjóri þess að nefndin rannsaki mál X og láti í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hafi verið að víkja honum frá störfum um stundarsakir. Af hálfu X er þess krafist að nefndin komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið rétt að veita honum tímabundna lausn frá störfum.

Nefndinni er ætlað ákveðið rannsóknarhlutverk, sbr. 1. mgr. 27. gr. starfsmannalaga, sem miðast við að láta í ljós rökstutt álit um það hvort skilyrði fyrir veitingu lausnar um

stundarsakir hafi verið uppfyllt þegar ákvörðunin var tekin og hvort rétt hafi verið staðið að framkvæmd stjórnvaldsákvörðunarinnar.

Nefndin hefur tekið fram í fyrri álitsgerðum sínum að niðurstaða hennar um að rétt hafi verið að víkja manni úr embætti um stundarsakir geti orðið grundvöllur undir síðari ákvörðun viðkomandi stjórnvalds um það hvort starfsmaður skuli taka aftur við embætti sínu eða hvort víkja eigi honum að fullu. Sá grundvöllur sé þó ekki bindandi eins og fram kemur í 2. mgr. 29. gr. starfsmannalaga. Reynist ávirðingar sem embættismanni eru gefnar að sök ekki vera fyrir hendi, skal stjórnvaldið ekki víkja manni að fullu, þótt nefndin hafi talið rétt að víkja honum um stundarsakir. Þótt stjórnvald hafi fengið niðurstöður nefndarinnar um að rétt hafi verið að víkja embættismanni frá störfum um stundarsakir þarf stjórnvaldið því að taka sjálfstæða ákvörðun um endanlega lausn úr embætti með tilliti til þess sem síðar hefur komið fram um þær ávirðingar sem voru uppi.

Þegar ákveðið var að veita X lausn frá embætti um stundarsakir hafði ákæra verið gefin út á hendur honum fyrir brot gegn 131. gr., 132. gr. og 1. mgr. 217. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt 131. gr. varðar það sektum eða fangelsi allt að þremur árum þegar opinber starfsmaður, sem á að halda uppi refsivaldi ríkisins, framkvæmir m.a. ólöglega handtöku. Samkvæmt 132. gr. sömu laga getur það varðað sektum eða fangelsi allt að 1 ári nema brot hans varði þyngri refsingu að lögum ef starfsmaðurinn gætir ekki af ásetningi eða stórfelldu gáleysi lögmætra aðferða m.a. við handtöku. Þá varðar líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum en fangelsi allt að 1 ári, ef háttsemin er sérstaklega vítaverð. Í 138. gr. segir að hafi opinber starfsmaður gerst sekur um refsilagabrot með verknaði sem telja verði misnotkun á stöðu hans, og við því broti sé ekki lögð sérstök refsing sem broti í embætti eða sýslan, þá skuli hann sæta þeirri refsingu sem við því broti liggur, en þó svo aukinni, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. Ákæra um brot X laut að því að hann hefði handtekið A án nægilegra ástæðna eða tilefnis og við þá handtöku farið offari og eigi gætt lögmætra aðferða er hann setti A harkalega inn í aftursæti lögreglubifreiðar, skellti höfði hans utan í rúðu bifreiðarinnar, veitti honum högg með olnboga í hægri kinn og hélt honum í bifreiðinni, með höfuðið utan í rúðunni, með því að halda annarri hendi hans fyrir aftan bak og leggja þunga sinn ofan á hann meðan ekið var frá vettvangi á lögreglustöð og ítrekað potað í bringu hans eftir komu á lögreglustöð.

Að mati nefndarinnar leikur ekki vafi á því að grunur hafi legið fyrir um refsivert brot þannig að fyrra skilyrði 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga, hafi verið uppfyllt. Eftir er þó að meta hvort síðara skilyrði ákvæðisins, að háttsemin sem X var ákærður fyrir hafi verið þess eðlis að hún gæti leitt til sviptingar réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga ef rétt reyndist, þar sem hann teldist ekki verður eða hæfur til að rækja áfram starfann. Nefndin bendir á að sú aðstaða að lögreglumáður sé ákærður fyrir brot í opinberu starfi og líkamsárás samkvæmt almennum hegningarlögum bendir til þess að

ákærvaldið hafi talið, að lokinni lögreglurannsókn, fram komin gögn nægjanleg eða líkleg til sakfellis, sbr. 145. gr. laga um meðferð sakamála. Var ríkislögreglustjóri ekki í aðstöðu til þess að endurskoða það mat ríkissaksóknara og komast að annarri niðurstöðu um líkur á því að sakfelling næði fram að ganga. Yrði lögreglumaður sakfelldur fyrir að hafa framið brot í opinberu starfi og líkamsárás verður að fallast á að hann teldist ekki verður eða hæfur til að gegna starfinu áfram í skilningi 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Að mati nefndarinnar skiptir ekki máli í þessu tilliti hvort brotið teljist vera smávægilegt, hér nægir að líta til eðlis þeirra brota sem ákært var fyrir. Þá er rétt að taka fram að ekki er skilyrði að krafist hafi verið sviptingar embættis í opinberu máli gegn embættismanni, til þess að heimilt sé að veita honum lausn um stundarsakir. Hér ræður úrslitum að háttsemi embættismanns, ef sönn reyndist, væri þess eðlis að hann teldist ekki lengur verður eða hæfur til að rækja starfann og hefði þannig í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. alm. hgl. sem áður segir.

Nefndin fellst ekki á að ríkislögreglustjóri hafi brotið gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnarsýslulaga með því að veita X lausn um stundarsakir á grundvelli 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Nefndin hefur ítrekað tekið fram í álitum sínum, t.d. í máli nr. 3/2003, að umrætt ákvæði starfsmannalaga sé lögmælt bráðabirgðaúrræði sem lögin veita til þess að bregðast við sérstökum aðstæðum. Rökin hér að baki eru að ekki sé forsvaranlegt að embættismaður, sem grunaður er um að hafa framið refsivert brot, gegni því á meðan slíkur grunur er til staðar en í því sambandi verður einnig að líta til bæði eðlis og alvarleika brots og hvaða starfsstétt embættismanna á í hlut. Hefur nefndin m.a. bent á að ákvæðið eigi við um starfsstéttir eins og lögreglumenn sem hafa það hlutverk að halda uppi lögum í þjóðfélaginu og þurfi að njóta trausts almennings. Fellst nefndin því ekki á að ríkislögreglustjóra hafi borið að neyta vægari úrræðis gagnvart X eins og að færa hann til í starfi meðan á opinberri rannsókn stóð í máli hans.

Samkvæmt 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 skulu ákvarðanir í málum teknar svo fljótt sem unnt er. Samkvæmt 35. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 fer ríkissaksóknari með rannsókn á málum á hendur lögreglumönnum fyrir ætluð refsiverð brot við framkvæmd starfa. Í málinu liggur fyrir að atburðir þeir sem leiddu til útgáfu ákæru 31. ágúst 2012 áttu sér stað 28. júlí 2011. Þá liggur fyrir sú afstaða ríkislögreglustjóra að hann hafi ekki talið uppfyllt skilyrði fyrri málsliðar 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga fyrr en við útgáfu ákæru. Ljóst er að ríkislögreglustjóri getur ekki borið ábyrgð á meðferð mála hjá ríkissaksóknara. Almennt verður þó að telja, þegar litið er til þess hlutverks lögreglumanna að halda uppi lögum í þjóðfélaginu og að þeir þurfi að njóta trausts almennings sem og til þeirra óþæginda sem þetta getur haft í för með sér fyrir þann lögreglumann sem í hlut á, að löng meðferð mála, þar sem lögreglumenn eru kærðir fyrir brot í starfi og brot á hegningarlögum, sé óheppileg. Hér skiptir þó máli að langur málsmeðferðartími í máli X eftir að málið var tekið til rannsóknar, hefur ekki áhrif á efnislega niðurstöðu í máli hans um það hvort rétt var að veita honum lausn frá embætti um stundarsakir þann 10. september 2012 en ljóst er að sú ákvörðun varð honum ekki til fjárhagslegs óhagræðis, enda hélt hann fullum launum lengur en ef ákvörðun um lausn



hans um stundarsakir hefði verið tekin fyrir. Þá verður ekki heldur fallist á að ákvörðun ríkislögreglustjóra sem hér er til skoðunar hafi ekki verið í samræmi við 10. gr. stjórnslulaga en mögulegir ágallar á rannsókn ákærvalds í málinu sætir endurskoðun dómstóla.

Að þessu virtu er það álit nefndarinnar að þær sakir sem bornar höfðu verið á X og voru komnar fram í ákæru á hendur honum þegar ákvörðun var tekin um að veita honum lausn frá embætti um stundarsakir hafi verið fullnægjandi grundvöllur ákvörðunarinnar.

Nefndin áréttar það sjónarmið sem áður var lýst að reynist ávirðingar sem embættismanni eru gefnar að sök ekki vera fyrir hendi skuli stjórnvald ekki víkja manni að fullu þótt nefndin hafi talið rétt að víkja honum um stundarsakir miðað við þær aðstæður sem þá voru uppi. Nefndin beinir því til ríkislögreglustjóra að taka tillit til endanlegrar niðurstöðu málsins þegar hann tekur ákvörðun í framhaldi af niðurstöðu nefndarinnar.

#### ÁLIT

Nefnd skv. 27. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, telur að ríkislögreglustjóra hafi verið rétt að veita X lausn frá störfum um stundarsakir þann 10. september 2012.

Reykjavík, 12. febrúar 2013

Kristín Benediktsdóttir

Helgi Valberg Jensson

Sonja Ýr Þorbergsdóttir